

Tónlist á Kópasteini

Janúar - febrúar 2021

●Vetrarlög (Þorrinn og fleira)

Allir hlægja á öskudaginn

Á Þorrablóti' er gleði og gaman

Bollu-, sprengi- og öskudagslagið

Nú er úti norðanvindur

Ó, hangikjöt

Súrsaðir pungar

Þorraþræll (Nú er frost á Fróni)

●

Allra veðra von

Frost er úti

Hvínandi vindur

Hættu' að gráta, Hringaná

Hvínandi, hvínandi vindur

Krummi krunkar úti

Krummi svaf í klettagjá

Víkingalagið

●Hitt og þetta:

Mánuðirnir og vikudagarnir

Hringferð ársins

Litríkir sokkar og vettlingar

Líkaminn

Mamma mín á mig

Tönnin mín

Ruggutönn

●DANSAR OG LEIKIR

Tvö skref til vinstri og tvö skref til hægri

Vinka með tánnum

●ÞULUR

Kroppaklapp 1

Vindurinn Vargur

Allir hlæja á öskudaginn
(Jólasveinar einn og átta)

Allir hlæja á öskudaginn
ó, hve mér finnst gaman þá.
Hlaupa lítil börn um bæinn
bera poka til og frá.

Á Þorrablóti' er gleði og gaman
(Á jólunum er gleði og gaman)

∴:Á Þorrablóti' er gleði' og gaman,
þei, þei, þó∴:
Þá syngja allir krakkarnir
og borða Þorramat.
Þá mun ríkja gleði' og gaman,
allir hlægja' og syngja saman,
þei, þei, þó.

Bollu-, sprengi og öskudagslagið
(Við erum söngvasveinar)

Á bolludegi fer ég
með bolluvönd á kreik.
Mér alltaf þykir gaman
að iðka þennan leik.
Ég bolla og bolla,
á bossann á þér fast ég slæ.
Bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.
*Já, bragðgóðar eru bollurnar,
bollurnar, bollurnar.*
Já bragðgóðar eru bollurnar, húllum hæ!

Á sprengidegi er bumban
að springa hreint á mér
Því magnið er ei smátt
sem í magann á mér fer.
Af saltkjöti og baunum
ég saðningu í magann fæ.
Af saltkjöti og baunum
ég saddur verð og hlæ.

*Já, bragðgóðar eru baunirnar,
baunirnar, baunirnar.*
Já, bragðgóðar eru baunirnar, húllum hæ!

Á öskudegi fer ég
með öskupoka af stað
og elti menn og konur
sem ekki vita um það.
Hengi svo poka á hinn og þennan
sem ég næ.
Lauma á poka, læðist burt og hlæ.
*Svo dingla þeir þarna pokarnir,
pokarnir, pokarnir.*
Svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ!

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur.
Nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur,
myndi ég setja þær allar inn,
elsku besti vinurinn.
∴:Umbarassa, umbarassa,
Umbarassassa∴:

Upp er runninn Öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með poka ekki ragur,
úti vappar, heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól.
Umbarassa...

Elsku besti stálagrér,
heyrirðu hvað ég segi þér -
þú hefur étið úldið smér
og dálítið af snæri
elsku vinurinn kæri.
Umbarassa...

Ó, hangikjöt

Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt
og rófustappa, grænar baunir, súrhvalur!
Ó, hangikjöt, ó, hangikjöt
og sviðasulta, hrútspongur og harðfiskur!
:,:Og hákarl og flatbrauð!
Mér finnst svo gott að borða
allan þennan mat!,::

Súrsaðir pungar (Allur matur)

Súrsaðir pungar, svið og læri,
skyr, hákarl og vökvinn tæri.
Et og drekk, et og drekk,
af andans list og eftir smekk.

Þorraþræll (Nú er frost á Fróni)

Nú er frost á Fróni, frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni liggur klakapil,
hlær við hríðarbyl, hamragil.

Mararbára blá brotnar þung og há
unnarsteinum á, yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn, hásetinn.

Horfir á heyjaforðann hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin. -
Nú er hann enn á norðan, næðir kuldaél,
yfir móa og mel, myrkt sem hel.

Bóndans býli á björtum þeytir snjá,
hjúin döpur hjá honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan

huggar manninn trautt;
Brátt er búrið autt, búíð snautt.

Þögull Þorri heyrir þetta harmakvein
gefur grið ei nein, glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir, alla fjær og nær
kuldaklónum slær og kalt við hlær:

„Bóndi minn, þitt bú, betur stunda þú.
Hugarhrelling sú, er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa,
en fleiri höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut, ég svíf á braut.

Allra veðra von

Allra veðra von,
ég geng af stað með bros á vör,
úlpa og gúmmískór, ég renni upp í háls.
Í gegnum hríðarbyl,
frostbitnar kinnar og kaldar tær.

Sama á hverju dynur, feta mína leið,
þó það fenni yfir sporin,
það gerir ekkert til.
Því á morgun kemur vorið,
á morgun verður aftur hlýtt.

Allra veðra von,
í morgunskímu ég legg úr vör,
úlpa og gúmmískór, ég renni upp í háls.

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti, fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt?

En ef þú bíður augnablik,
ég ætla' að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mynslu handa þér.

Hættu' að gráta, Hringaná

Hættu' að gráta, Hringaná,
heyrðu ræðu mína.
Ég skal gefa þér gull í tá
þó Grímur taki þína.

Hættu' að gráta, Hringaná,
Huggun er það meiri.
Ég skal gefa þér gull í tá
þó Grímur taki fleiri.

Hættu' að gráta, Hringaná,
huggun má það kalla.
Ég skal gefa þér gull í tá
þó Grímur taki þær allar.

Hvínandi vindur

Hvínandi, hvínandi vindur,
hvaðan ber þig að?
Hvert ertu' að fara?
;:Viltu segja mér það?;:

Hvínandi, hvínandi vindur,
kætir mína lund og kann svo marga leiki
;:sem taka stutta stund;:

Hvínandi, hvínandi vindur,
hvarf frá mér á brott.
En kom mér til að hlæja
;:og mikið var það gott;:

Hvínandi, hvínandi vindur,
hvar ert þú í dag?
Kannski bak við fjöllin
;:að syngja þetta lag?;:

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
;:Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn;:

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetrarnóttu á.
;:Verður margt að meini;:

Fyrr en dagur fagur rann,
freðið nefið dregur hann
;:undan stórum steini;:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
;:flaug úr fjallagjótu;:

Lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrr en vakna hjú
;:veifar vængjum skjótum;:

Sálaður á síðu lá,
sauður feitur garði hjá
;:fyrrum frá á velli;:

Krunk, krunk, nafnar komið hér!
Krunk, krunk, því oss búin er
;:krás á köldu svelli;:

Mánuðirnir og vikudagarnir

Janúar, febrúar...

Sunnudagur, mánudagur...

Hringferð ársins

Tíminn líður, títt og ótt,
tifar klukkan dag og nótt.

Jörðin snýst. Eins það er,
árið líka hringinn fer.

∴ Tikk, takk, tikk, takk∴

Skíðasnjór og skautaís,
skólakrakkaparadís.

Ull og dún þarftu þar,
það er kalt í janúar.

Öskudaginn ýmsir þrá,
uppáklæddir tunnu slá.

Sælgætissöngvarar,
svona er hann febrúar.

Litríkir sokkar og vettlingar

Í skápum og skúffum leynast pör,
hamingjusöm á lífsins för.

Með jákvæðni að vopni
þau leita uppi líf og fjör.

Þau þrá það heitt að komast út
í feluleik eða flöskustút
og halda góðum hita á litlum labbakút.
Þetta eru litríkir sokkar og vettlingar.

Svo fara þau í þvottavélarnar
og skiljast stundum leiðirnar.
Að finna ekki rétta parið

fer stundum í taugarnar.

Og þegar allt er komið í reibihnútt
þá verðum við stundum niðurlút.
Það gengur illa' að para saman
sokk og vasaklút.

En þó að pörin séu ósamstæð
þá er hamingjan ótvíræð.
Öll við getum átt vinarþel,
þó einn sé rauður og hinn pastel.
Þetta' eru litríkir sokkar og vettlingar.

Oooohhh...

Þó að pörin séu ósamstæð
þá er hamingjan ótvíræð.
Öll við getum átt vinarþel
þó einn sé rauður og hinn pastel.
Því að engir tveir eru eins,
það er munur á milli pipar- og jólasveins.
Þetta' eru litríkir sokkar og vettlingar.

Líkaminn

Um líkamann við syngjum saman.
Hvar er nefið mitt? Hér er nefið mitt.
Að syngja saman er svo gaman,
sjáðu fína nefið, fína nefið mitt.

Um líkamann við syngjum saman.
Hvar er maginn minn?
Hér er maginn minn.
Að syngja saman er svo gaman.
Sjáðu fína magann, fína magann minn.

Um líkamann við syngjum saman.
Hvar er höndin mín? Hér er höndin mín.
Að syngja saman er svo gaman.
Hér er fína höndin, fína höndin mín.

Um líkamann við syngjum saman.
Hvar er tásan mín? Hér er tásan mín.
Að syngja saman er svo gaman.
Hér er fína tásan, fína tásan mín.

Um líkamann við syngjum saman.
Hvar er hárið mitt? Hér er hárið mitt.
Að syngja saman er svo gaman.
Sjáðu fína hárið, fína hárið mitt.

Mamma mín á mig

Einu sinni sá ég hvolpa' að leika sér,
elta bolta' og veltast gólfinu á.
Annar stökk upp og knúsaði hinn,
skrýtið var það.

*Hundarnir eiga hvolpa, kýrnar kálfana,
fuglarnir litlu ungana.
Hestarnir eiga folöld, kisurnar kettlinga,
kindurnar lömbin en mamma mín á mig.*

Einu sinni sá ég lömbin leika sér,
hoppa um og leika grasinu í.
Mér fannst þau vera svo falleg og fín,
skrýtið var það.

Einu sinni sá ég folöld leika sér,
faxið þeirra sveiflaðist vindinum í.
Þau eru miklu stærri en ég, skrýtið er það.

Einu sinni sá ég krakka leika sér,
elta bolta' og veltast og hlaupa um.
Dýrin þau leika sér alveg eins og við,
skrýtið er það.

Víkingalagið

Rammíslenskir víkingar,
rosalegir barbarar.
Borðum bæði ket og smér,
hættulegir erum vér,
rammíslenskir víkingar.

Siglum út um höfin blá,
hlaupum upp á fjöllin há,
vegið höfum marga menn,

hlíðin hún er fögur enn,
rammíslenskir víkingar.

Mælti svo hún móðir mín,
lærðu rímnakverin þín,
rammíslenskir víkingar,
varist eftirlíkingar,
mælti svo hún móðir mín.

Tönnin mín (Signir sól)

Tönnin mín, tönnin mín,
tönnin mín er sæt og fín.
Burstuð hún alltaf er
bæði þar og hér.
Borða góðan hollan mat
á tönnina kemur ekki gat
tönnin mín, tönnin mín,
alltaf hvít og fín.

Tönnin er með gati hér,
grátandi hún líka er.
Burstuð hún ekki var
hvorki hér né þar.
Kárius á henni sat
og hjó í hana stærðar gat.
Tönnin er með gati hér,
grátandi hún er.

Ruggutönn

Ég er með lausa tönn,
hún ruggar geðveikt mikið.
Pabbi vill losa þessa tönn en nei,
þar dreg ég strikið!

*Hún er mín eigin ruggutönn,
ruggu-, ruggu-, ruggu-, ruggutönn.
Ég vil ekki missa mína ruggutönn,
ruggu-, ruggu-, ruggutönn.*

Ég er með lausa tönn,
hún ruggar er ég tala.
Mamma vill losa þessa tönn,
ég neita því og gala!

Hún er mín eigin...

Ég er með lausa tönn,
hún ruggar við hvern sopa.
Ég sötra saft í óðaönn
því hún ruggar líka er ég ropa.

Ég elska mína ruggutönnn...

DANSAR OG LEIKIR

Vinka með tánum

Vinka með tánum, lyfta upp hnjánum,
hrista svo rassinn og hoppa hátt!
Glenna út fingur, þá verður til hringur,
axlir að eyrum og hoppa hátt!

Tvö skref til hægri

Tvö skref til hægri og tvö skref til vinstri,
beygja arma, rétta arma,
klappi, klappi, klap.
Hálfan hægri hring, hálfan vinstri hring,
beygja arma, rétta arma,
klappi, klappi klap.

PULUR

Kroppaklapp 1

Teygja, teygja upp í topp,
upp í topp, upp í topp.

Leggja báða lófa á gólf,
klappa' á gólf, klappa' á gólf.
Berja svo á bumbu sér,
bomm, bommm, bommm,
bomm, bommm, bommm.
Hrista hendur, hrista fætur,
ekki fara' á taugunum,
loka báðum augunum,
sshhh, sshh.

Vindurinn Vargur

Vindurinn Vargur
var dag einn svo argur
að flestu um koll hann blés, fúfff!
Hann felldi niður staura
sem klessu litla maura.
Já, ljótt hafði Vargur fés.

Og Vargur blés meira,
þið þurfið að heyra
hve hrikaleg hljóð hann gaf, fúfff!
Og logninu svo blíða
hann líka reyndi' að stríða
en lognið það bara svaf.

Trylltist nú Vargur
sem áður var argur
en nú var hann orðinn ær, fúfff!
Um koll hann feykta húsum,
mönnum bæði' og músum,
bæði nær og fjær!

Nú Vindurinn Vargur
ei lengur var argur,
sem sprungin blaðra var, púfff...
Hann datt niður dauður
eins og svartur sauður,
nú vaknaði lognið þar!